

Framboðslisti Kvennalistans í Reykjavík:

Elín verður í 2.3.190. efsta sætinu

Elín G. Ólafsdóttir borgarfulltrúi verður í efsta sæti Kvennalistans í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Framboðslistinn var ákveðinn á félagsfundinum í Reykjavíkurlanga Kvennalistans í gærkvöldi. Guðrún Agnarsdóttir, sem nefnd hefur verið í tengslum við toppsæti fyrir borgarstjórnarkosningarnar, verður í 15. sæti. Hið hefðbundna heiðursæti, 30. sætið, skipar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Guðný Guðbjörnsdóttir, sem á sæti í anga þeim er ákvað fram-

boðslistann í gærkvöldi, sagði að gerð hefði verið skoðanakönnun meðal kvennalistakvenna og við uppstillingu framboðslistans hefði bæði verið stuðst við hana og ýmis sjónarmið innan Kvennalistans.

– Það vekur athygli að Guðrún Agnarsdóttir er ekki í einu af toppsætunum?

„Það var vilji hennar og Kvennalistans sem réði því. Elín G. Ólafsdóttir kom langsterkust úr úr skoðanakönnuninni og það var því enginn ágreiningur um fyrsta sætið.“

sagði Guðný.

Á eftir Elínu í fyrsta sæti lítur framboðslisti Kvennalistans svona út: 2. Guðrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi, 3. Ingibjörg Hafstað kennari, 4. Elin Vigdís Ólafsdóttir kennari, 5. Margrét Sæmundsdóttir fóstura, 6. Hólmfríður Garðarsdóttir framkvæmdastjóri, 7. Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarkona, 8. Helga Túliníus jarðeðlisfræðingur, 9. Kristín A. Árnadóttir blaðamaður og 10. Ína Gissurar-
dóttir deildarstjóri.

-hlh